

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2010/EES/6/64

frá 18. desember 2007

um samþykki fyrir landsáætlun, sem Rúmenía hefur lagt fram, um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* (*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 6354)

(Einungis rúmanski textinn hefur lagagildi)

(2007/874/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 3) Til þess að ná markmiðum Bandalagsins skulu aðildarríkin koma á landsáætlunum um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* og leggja þær fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2160/2003.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 4) Rúmenía hefur lagt fram landsáætlun sína um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

- 5) Í ljós hefur komið að umrædd áætlun, sem Rúmenía lagði fram, er í samræmi við viðkomandi heilbrigðislöggjöf Bandalagsins um dýr og dýraafurðir, einkum reglugerð (EB) nr. 2160/2003.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er að tryggja að gripidi sé til viðeigandi og skilvirkra ráðstafana til að greina og verjast salmonellu og öðrum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma á öllum viðeigandi stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, einkum á frumframleiðslustiginu, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri hættu sem lýðheilsu stafar af þeim.

- 6) Því ber að samþykkja umrædda landsáætlun um varnir sem Rúmenía lagði fram.

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1003/2005 frá 30. júní 2005 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi tiltekinnna sermigerða salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2160/2003⁽²⁾ er fastsett markmið Bandalagsins um að draga úr algengi allra sermigerða salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*, sem hafa áhrif á lýðheilsu, á frumframleiðslustiginu.

1. gr.

Landsáætlun um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*, sem Rúmenía lagði fram, hefur verið samþykkt.

2. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33, 25.6.2009, p. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1237/2007 (Stjtið. ESB L 280, 24.10.2007, bls. 5).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 170, 1.7.2005, bls. 12. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1168/2006 (Stjtið. ESB L 211, 1.8.2006, bls. 4).

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 2008.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Rúmeníu.

Gjört í Brussel 18. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.
